


HÍÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG

FRÉTTIR

OKTÓBER 2018



Nú stendur yfir sýning á höfuðmyndum
listamannsins Leifs Breiðfjörð í gallerí
Hins íslenska bókmenntafélags við Hagatorg.
Sýningin er haldin í tengslum við útgáfu á bókinni
Höfuðljóð, þar sem tólf þjóðþekkt skáld
hafa samið ljóð við myndir Leifs.
Opið alla virka daga frá 10–17.



HÖFUÐLJÓÐ


Leifur Breiðfjörð

32 bls.

Verð: 5.500,-

Félagsverð: 4.125,-

Höfuðljóð er nýstárleg bók. Tólf ljóðskáld tókust á við þá áskorun að semja ljóð út frá höfuðmyndum listamannsins Leifs Breiðfjörð en jafnframt birtast hér myndir hans: tólf hausar, tólf ljóð. Þannig mætast þrettán öflugir listamenn og leiða saman ólík form og búa til nýjan galdur sem orkar á lesendur á frumlegan og skapandi hátt. Ljóðskáldin eru: Anton Helgi Jónsson, Einar Már Guðmundsson, Guðmundur Andri Thorsson, Kristín Svava Tómasdóttir, Linda Vilhjálmsdóttir, Pétur Gunnarsson, Sjón, Soffía Bjarnadóttir, Steinunn Sigurðardóttir, Þorsteinn frá Hamri, Þórarinn Eldjárn og Þórdís Gísladóttir.



AÐ BÚA TIL OFURLITINN SKEMMTIGARÐ

Íslensk garðsaga — landslagsarkitektúr til gagns og þrýði

Einar E. Sæmundsen

397 bls.

Verð: 9.900,-

Félagsverð: 7.425,-

Að búa til ofurlitinn skemmtigarð er einstakt yfirlitsverk um sögu og þróun íslenskrar garðhönnunar eða landslagsarkitektúrs, og er umhverfismótunin þar sett í samhengi við rætur íslenskrar menningar og tengd alþjóðlegum straumum og stefnum. Fjallað er um sögu garða á Íslandi frá elstu tímum en einkum um tímabilið frá þéttbýlismyndun þegar almenningsgarðar og útivistarsvæði urðu hluti af skipulagsgerðinni. Höfundur gengur um ýmsa

kunna garða og miður þekkt, og fjallar sérstaklega um feril tveggja frumkvöðla í stétt landslagsarkitekta, þeirra Jóns H. Björnssonar (í Alaska) og Reynis Vilhjálmssonar.

Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt (f. 1941) var einn stofnenda teikni-stofunnar Landmótunar, um hríð garðyrkjustjóri hjá Kópavogsbæ og dósent í hlutastarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri þar sem hann hefur kennt landslagsarkitektúr, garðhönnun og umhverfisskipulag. Bókin kemur út á 40 ára afmæli Félags íslenskra landslagsarkitekta.



KRISTUR — SAGA HUGMYNDAR

Sverrir Jakobsson

306 bls.

Verð: 5.900,-

Félagsverð: 4.425,-

Jesús Kristur er einn áhrifamesti einstaklingur í sögu mannkyns en þó er deilt um nánast allt sem honum tengist. Var hann maður eða andi? Hvort var hann sonur guðs eða venjulegur maður? Var hann einn af helstu spámönnum heims eða veraldlega sinnaður byltingarforingi? Á hvert koma fram nýjar kenningar um Krist og eðli hans.

Kristur — Saga hugmynda fjallar um upphaf rótgróinna hugmynda um Krist, hvernig þær mótuðust og af hverju þær eru svo eðlisólíkar. Rakið er hvernig hið sögulega minni um þessa máttugu persónu tók sífældum breytingum fyrstu aldirnar. Sögusviðinu er lýst, samfélagi Gyðinga í Palestínu, en einnig hinum stærrí heimi sem það tilheyrði, hinum grískumælandi hluta Rómaveldis. Greint er frá því hvernig hugmyndir um Krist tóku á sig staðlaða mynd og af hverju sum rit um ævi hans hlutu almenna viðurkenningu meðan öðrum var hafnað. Að lokum er fjallað um klofning kristinna manna í rétttrúaða og villutrúarmenn sem hefur mótað sögu þeirra.

Sverrir Jakobsson er prófessor í miðaldasögu við Háskóla Íslands



ÍSLENSKIR HEYSKAPARHÆTTIR

Bjarni Guðmundsson

Meðútgefandi:
Opna bókaforlag


346 bls.

Verð: 6.990,-

Félagsverð: 5.242,-

Heyið hefur alltaf verið undirstaða kvikfjárhalds hérlendis. Án heyöflunar hefði íslenska þjóðin ekki lifað af langa vetur. Mannfrekir heyskaparhættir hér á landi höfðu lítið breyst í rás aldanna þar til vélar komu til sögunnar á tuttugustu öldinni, og tækninni fleygði síðan svo hratt fram að nú á dögum snertir mannshöndin vart heyið. Í þessari bók eru helstu atriði þeirrar sögu rakin. Hún er systurbók *Íslenskra sláttuhátta* sem komu út árið 2015.

Bjarni Guðmundsson er þekktur fyrir yfirgrípsmikla þekkingu á landbúnaðarmálum og sögu þeirra og miðlar henni á leikandi léttan máta, líkt og fyrri bækur hans vitna um. Með ítarlegri heimildakönnun og hjálp fjölmargra ljósmynda, teikninga og skýringarmynda tekst honum að draga upp ljóslifandi mynd af heyskap að fornu og nýju.



EINAR JÓNSSON MYNDHÖGGVARI

Verk, tákningar og menningarsögulegt samhengi

Ólafur Kvaran

280 bls.

Verð: 9.900,-

Félagsverð: 7.425,-

Einar Jónsson (1874–1954) var brautryðjandi í íslenskrumyndlist. Í þessari bók er fjallað um stórbrotinn listferil hans, merkingarheim höggmyndanna, listræna hugmyndafræði og viðtökur á Íslandi. Höggmyndir Einars vöktu mikla athygli og umræður á Íslandi í takt við sterka þjóðernishyggju sjálfstæðisbaráttunnar í upphafi nýrrar aldar. Einar gaf íslenska ríkinu listaverk sín og Alþingi veitti fé til byggingar safns yfir verk hans á Skólavörðuholti.

Ólafur Kvaran er prófessor í listasögu við Háskóla Íslands. Hann var ritstjóri verksins *Íslensk listasaga* sem kom út í fimm bindum árið 2011, safnstjóri Listasafns Íslands 1997 til 2007, sérfræðingur hjá Norrænu ráðherranefndinni í Kaupmannahöfn 1992 til 1997 og forstöðumaður Listasafns Einars Jónssonar 1980 til 1991.





KRULLAÐ OG KLIPPT

Aldarsaga háriðna á Íslandi

Bára Baldursdóttir og
Þorgerður H.
Þorvaldsdóttir

450 bls.


Verð: 6.900,-

Félagsverð: 5.175,-

Saga háriðna á Íslandi er aldarspejill og fjallar um störf rakara og hárgreiðslukvenna á 20. öld. Í forgrunni eru rakarastofan, griðland karlmennskunnar, og hárgreiðslustofan, sem var veröld kvenna, allt þar til hársnyrtistofur nútímans leystu þær af hólmi sem vettvangur beggja kynja. Bókin varpar ljósi á þróun handverks í háriðnum og ólík kjör og aðstæður karla og kvennastéttar sem voru í meginatriðum að fást við sambærileg störf, að fegra og snyrta hár. En saga háriðna hefur víðari skírskotun. Hún er einnig saga um nútímavæðingu þjóðar, saga um mótun og þróun borgarsamfélags, saga um eflingu hreinlætis- og tískuvitundar, en þar voru frumkvöðlar í háriðnum í fararbroddi.

Fjölbreyttar heimildir liggja ritinu til grundvallar. Þar veða þyngst viðtöl við rúmlega hundrað einstaklinga sem störfuðu í háriðnum um lengri eða skemmri tíma og aðstandendur látinna fagmanna. Bókina prýðir fjöldi ljósmynda sem varpa einstöku ljósi á sögu hárgreiðslu- og rakarafagsins hér á landi, sem margar birtast nú opinberlega í fyrsta sinn.

Bóki tilheyrir ritröðinni SAFN TIL IÐNSÖGU ÍSLENDINGA, sem fjallar um iðnþróun á Íslandi. Þar er lýst einkennum, verkefnum og vinnuaðferðum í helstu iðngreinum og leitast við að lýsa og skýra þátt iðnaðar í atvinnusögu þjóðarinnar.



SKÍRNIR

Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags

Ritstjóri: Páll Valsson

Vor 2018 og haust 2018

Skírnir er elsta og eitt virtasta menningartímarit á Norðurlöndum. Þar hafa birst ritgerðir og styttri greinar um bókmenntir, sagnfræði, heimspeki, þjóðfélagsmál og stjórnmálafræði, vísindi, listir og þjóðlegan fróðleik, auk ítarlegra ritdóma um bækur. Viðfangsefnin eru einatt skoðuð í sögulegu og heimspekilegu ljósi og leitast er við að brjóta til mergjar jöfnum höndum málefni samtíðar og liðins tíma með gagnrýnu hugarfari. Skírnir kemur út tvisvar á ári, að vori og hausti. Ritstjóri er Páll Valsson.



PYRRHOS OG KÍNEAS

Simone de Beauvoir

Pýðing: Móheiður Hlíf
Geirlaugsdóttir sem einnig skrifar
inngang.

168 bls.

Verð: 3.700,-

Félagsverð: 2.775,-

„Er ekki fráleitt af Pyrrhosi að fara að heiman aðeins til þess að snúa þangað aftur? Eða af tennisleikaranum að slá í boltann til þess eins að fá hann aftur til baka? Eða af skíðamanninum að fara upp brekku til þess eins að renna sér jafnóðum niður? “

Pyrrhos og Kíneas er fyrsta heimspekiverk Simone de Beauvoir, upphaflega útgefið 1944. Hún markar þar sérstöðu sína sem tilvistarheimspekingur og siðfræðingur með hugleiðingum um stöðu mannsins í heiminum, þrotlausa leit hans að tilgangi, grundvöll siðferðis, mannleg samskipti, tengslamyndun og einstaklingsfrelsi.

Lærdómsrit Bókmenntafélagsins eru sígild bókmenntaverk og fjalla um nær öll viðfangsefni mannglegrar hugsunar frá fornöld til nútíma. Í vönduðum inngangi og skýringum er gerð grein fyrir hverju riti, tilurð þess og áhrifum, og það sett í samhengi við íslenska menningu og aðstæður, eftir því sem tilefni gefst. Lærdómsrit Bókmenntafélagsins eru einstakur bókaflokkur sem vert er að eignast.



KIRKJUR ÍSLANDS 29

Skálholtsdómkirkja

Ritstjórar: Þorsteinn
Gunnarsson og Jón
Torfason


280 bls.

Verð: 3.990,-

Félagssverð: 2.993,-

Í þessu bindi er sagt frá Skálholtsdómkirkju. Kirkjan var reist á árunum 1956–1963 og á sér að hluta fyrirmynd í hinum fornu dómkirkjum staðarins, en útlit hennar er nútímalegt og stílhreint. Arkitekt var Hörður Bjarnason. Kirkjuna prýða steindir gluggar eftir Gerði Helgadóttur, altaristaflan er mósaíkmynd eftir Nínu Tryggvadóttur. Í bókinni er ýtarlegur kafli um sögu Skálholtsstaðar. Bókin er prýdd fjölda ljósmynda, sem þeir Ívar Brynjólfsson ljósmyndari Þjóðminjasafns og Guðmundur Ingólfsson, Ímynd, hafa tekið, og uppdráttum að Skálholtsdómkirkju sem veita skýra innsýn í mótunarsögu kirkjunnar og tilurð.

Höfundar eru Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður og nú fræðimaður hjá Þjóðminjasafni Íslands, Pétur H. Ármannsson arkitekt, listfræðingarnir Guðbjörg Kristjánsdóttir og Ásdís Ólafsdóttir, Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs og Guðlaug Vilbogadóttir, sérfræðingur á Minjastofnun Íslands.



KIRKJUR ÍSLANDS 30

Hallgrímskirkja í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd

Ritstjórar: Þorsteinn
Gunnarsson og Jón
Torfason

133 bls.

Verð: 3.990,-

Félagsverð: 2.993,-

Í þessu bindi er sagt frá Hallgrímskirkju í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Eins og nafnið bendir til er kirkjan helguð minningu séra Hallgríms Péturssonar sem var prestur í Saurbæ 1651–1669. Hún var reist á árunum 1954–1957 eftir uppdráttum arkitektanna Sigurðar Guðmundssonar og Eiríks Einarssonar. Kirkjan er prýdd steindum gluggum eftir Gerði Helgadóttur, altariстаflan er freskumálverk eftir finnska listamanninn Lennart Segerstråle. Bókin er prýdd fjölda ljósmynda, sem Ívar Brynjólfsson ljósmyndari Þjóðminjasafns hefur tekið, og uppdráttum að Hallgrímskirkju í Saurbæ.

Höfundar eru Björk Ingimundardóttir skjalavörður, Pétur H. Ármannsson arkitekt, Lilja Árnadóttir, sviðsstjóri munasafns Þjóðminjasafns, Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs og Guðlaug Vilbogadóttir, sérfræðingur á Minjastofnun Íslands.

Kirkjur Íslands er grundvallarrit um friðaðar kirkjur á Íslandi þar sem horft er á þær frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu. Ritin í þessum glæsilega bókaflökki opna sýn inn í menningarsögu okkar Íslendinga þar sem kirkjan er ekki aðeins musteri trúar og tilbeiðslu heldur einnig sýnileg táknmynd þess besta í byggingar- og listasögu þjóðarinnar á hverjum tíma. Í ár koma út þrjú bindi og jafnframt þau síðustu í ritröðinni.



KIRKJUR ÍSLANDS 31

Ritstjórar: Þorsteinn
Gunnarsson og Jón
Torfason

372 bls.

Verð: 3.990,-

Félagsverð: 2.993,-

Þetta lokabindi ritraðarinnar er í tveimur hlutum. Í fyrri hlutanum eru þrjár yfirlitsgreinar um íslenskar kirkjubyggingar; um steinhlaðnar kirkjur á Íslandi, friðlýstar torf- og timburkirkjur og friðlýstar steinsteypukirkjur. Í seinni hlutanum eru skrár sem taka til allra binda ritverksins; skrá um hagleiksfólk sem kom að byggingu friðaðra kirkna eða á gripi í þeim, og nær hún yfir öll bindin. Því næst eru þrjár samfelldar skrár um 1) höfunda, 2) ljósmyndara, 3) húsameistara, teiknara og mælingamenn. Aftan við skrárnar eru leiðréttingar og viðbætur, sem flestar hafa birst áður en er nú safnað saman í einn bálk. Aftast eru orðskýringar með nokkrum skýringarmyndum.

Bókin er prýdd fjölda ljósmynda, sem þeir Ívar Brynjólfsson ljósmyndari Þjóðminjasafns og Guðmundur Ingólfsson, Ímynd, hafa tekið. Þá eru og birtir uppdrættir af flestum þeirra kirkna, sem um er fjallað.

Höfundar eru arkitektarnir Guðmundur L. Hafsteinsson, sviðsstjóri húsasafns Þjóðminjasafns Íslands, Pétur H. Ármannsson og Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason skjalavörður.

Hið íslenska fornritafélag gefur út:



JÓMSVÍKINGA SAGA

Íslensk fornrit XXXIII

JÓMSVÍKINGA SAGA

JÓMSVÍKINGADRÁPA • BÚADRÁPA

HAUKS ÞÁTTUR HÁBRÓKAR •

SIGURÐAR ÞÁTTUR SLEFU

EINDRIÐA ÞÁTTUR ILBREIÐS •

ÞORSTEINS ÞÁTTUR SKELKS •

EINDRIÐA ÞÁTTUR OG ERLINGS

RAUÐÚLFS ÞÁTTUR • VÖLSA

ÞÁTTUR

Porleifur Hauksson og Marteinn Helgi Sigurðsson gáfu út með inngangi og skýringum

Ritstjóri: Þórður Ingi Guðjónsson

cxviii + 326 bls. ásamt 12 myndasíðum

Jómsvíkinga saga er talin rituð kringum 1200. Hún segir í upphafi frá elstu Danakonungum sem áreiðanlegar heimildir eru til um: Gormi hinum gamla, Pyri, konu hans, syni þeirra, Haraldi blátönn, og Sveini, syni hans. Sögur af þessum Danakonungum koma engan veginn heim við lýsingar þeirra í evrópskum miðaldaheimildum. Haraldur Gormsson vegur Knút, bróður sinn. Dánarfregnin ríður föður þeirra að fullu, og Haraldur verður konungur. Hákon Sigurðarson Hlaðajarl kemur til hirðar Haralds, og saman brugga þeir banaráð Gull-Haraldi, syni Knúts Gormssonar, Haraldi gráfeldi Noregskonungi og Gunnhildi, móður hans. Þá segir frá herför Ottós „hins rauða“ Þýskalandskeisara til að kristna Danmörku og sigri hans með fulltingi Ólafs Tryggvasonar. Hákon kastar nýtekinni trú, flýr til Noregs og hættir að gjalda Haraldi skatt. Jómsvíkinga saga er nánast eina heimildin sem segir frá Pálna-Tóka, aðalpersónu síðari hluta sögunnar. Haraldur Gormsson lætur drepa Áka Tókason, föðurbróður hans, og Pálna-Tóki hefnir hans á mjög niðurlægjandi hátt. Síðan vikir hann til Vindlands, reisir kastalann Jómshorg og stofnar þar víkingabæðralag. Þangað ráðast hinir fræknustu kappar. Sögunni lýkur á herferð Jómshorga til Noregs þar sem þeir mæta Hákon

jarli og Eiríki, syni hans, í snarpri og tvísýnni orrustu í Hjörungavogi, en bíða ósigur. Frásögnin nær hámarki í lýsingunni á aftökum Jómsvíkinga, sem sýna mikið æðruleysi og hetjuskap og ögra böðlum sínum.

Sagan er fyrst og fremst skemmtisaga; höfundur lætur sér staðfræði og sannfræði í léttu rúmi liggja og sýnir konungum og öðrum höfðingjum algert virðingarleysi. Tvær drápur um bardagann í Hjörungavogi fylgja útgáfunni: Jómsvíkingadrápa eftir Bjarna Kolbeinsson Orkneyjabiskup og Búadrápa eftir Porkel Gíslason. Þá fylgja þessu síðasta bindi konungasagna í Íslenskum fornritum nokkrir þættir, einkum úr Flateyjarbók, sem hafa ekki áður birst í ritröðinni.

Endurútgáfur Bókmenntafélagsins:



GORGÍAS

Platón

Þýðing: Eyjólfur Kjalar Emilsson
sem einnig ritar inngang

210 bls.


Verð: 3.490,-

Félagsverð: 2.617,-

„Sókrates: Mín skoðun er hins vegar sú, Pólos, að sá sem brýtur af sér og er brotamaður sé hvernig sem á málið er litið vesalingur, en ennþá aumkunarverðari er hann þó ef hann kemst ekki undir manna hendur til að taka út sína refsingu ...

Pólos: En sú fjarstæða sem þú reynir að halda fram, Sókrates.“

Gorgías er ein glæsilegasta samræða Platóns og telst til hinna svokölluðu sókratísku samræðna. Gorgías fjallar að nafninu til um mælskulist, en þegar líður á verkið leiðir sú rökræða til þess að leita þarf svara við mikilvægum spurningum um mannlegt líferni og stjórnarfar. Hér er að finna eina skýrustu heildarmyndina af siðfræði Platóns.



SIÐFRÆÐI NÍKOMAKKOSAR

Aristóteles

Þýðing: Svavar Hrafn
Svavarsson

Verð: 6.490,-
Félagsverð: 4.868,-

„Markmiðið skyldi ekki vera að rannsaka og bera kennsl á sérhver atriði er varðar breytni, heldur skyldi breyta. Það er ekki nóg að vita um dyggð, heldur skulum við reyna að hafa og nota hana ...“

Aristóteles (384–322 f.Kr.) er einn mesti hugsuður allra tíma. Siðfræði Níkomakkosar er eitt af höfuðritum hans, skipuleg og ítarleg greining á mannlegu siðferði í öllum sínum myndum; svo sem hamingju, góðri breytni og siðgerðinni sem undir henni býr. Svavar Hrafn Svavarsson þýddi og ritaði inngang og yfirlit um umritun grískra orða yfir á íslensku. Tvö bindi í öskju.



UM SKÁLDSKAPAR- LISTINA

Aristóteles

Þýðing: Kristján Árnason sem
einnig ritar inngang.

Verð: 3.490,-
Félagsverð: 2.617,-

„Af þeim sökum er skáldskapurinn heimspekilegri og æðri en öll sagnfræði, en skáldskapurinn tjáir fremur hið almenna, sagnfræðin hið einstaka. Hið almenna er það sem ákveðin manntegund er líkleg til að eða hlýtur að segja eða gera, en það vill skáldskaparlistin tjá, þótt persónunum séu valin sérstök nöfn. Hið einstaka er það, sem til dæmis Alkíbiades gerði eða varð fyrir.“

Þessi bók mun vera elsta heillega ritið sem til er um skáldskaparfræði og er talið vera fyrirlestrar sem Aristóteles flutti fyrir nemendur sína. Kenning Aristótelesar um verkan harmleikja er að þeir veiti ákveðna útrás eða *kaparsis* fyrir þær vorkunnar- og skelfingartilfinningar sem þeir vekja þegar vel tekst til og forði þannig fólki frá því að verða ofurselt þessum tilfinningum í eigin lífi. Aristóteles lítur svo á að harmleikur feli í sér almenn sannindi, ekki það sem hefur gerst í raun og veru heldur það sem gæti gerst, athafnir og viðbrögð ákveðinnar manngerðar og að hin almennu sannindi séu æðri hinum sértæku sem sagnfræðin greinir frá. Í inngangi að ritinu fjallar Kristján Árnason um meginhugmyndir verksins í samhengi við viðhorf til skáldskapar að fornu og nýju.

Upphafsmáður að stofnun Hins íslenska bókmennta-félags var danski málfræðingurinn Rasmus Christian Rask. Hann hafði mikinn áhuga á íslenskri tungu en eftir að hafa ferðast um Ísland þá taldi hann æskilegt að stofna félag sem hefði það að markmiði að efla og styðja íslenskar bókmenntir og tungu. Ef ekkert yrði að gert gæti farið svo að innan 100 ára myndi varla nokkur skilja íslensku í Reykjavík og 200 árum síðar myndi enginn skilja hana í landinu. Stofnfundur félagsins í Kaupmannahöfn var 30. mars 1816 en á Íslandi var hann haldinn í ágúst 1816.

Aðalfundur Hins íslenska bókmenntafélags 2018

verður haldinn á
Hótel Sögu, 2. hæð í Heklu II,
laugardaginn 17. nóvember kl. 14:30

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf, sbr. 18.–20. gr. félagslaga.
2. Kosning heiðursfélaga, sbr. 23. gr. félagslaga.

Erindi:

Að loknum aðalfundarstörfum flytur Haraldur Bernharðsson, dósent við Háskóla Íslands, erindi sem hann kallar Umhverfi íslenskrar tungu 1818, 1918 og 2018. Fyrirspurnir og umræður að erindi loknu.

Félagsmenn eru hvattir til þess að fjölmenna og þiggja kaffiveitingar í boði félagsins.

Stjórn og fulltrúaráð.



HÍÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG

Hagatorgi, 107 Reykjavík

Sími: 588-9060 • Netfang: hib@hib.is

Heimasíða: www.hib.is • Fréttir frá Bókmenntafélaginu, október 2018